

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 150/1994.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ágústi Þór Bárðarsyni

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Áfrýjunarstefna. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar málsins, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. mars 1994 til þyngingar refsingu, en staðfestingar á ákvæðum um greiðslu skaðabóta.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og skilorðsbindingar hennar. Þá krefst ákærði þess, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi, en ella lækkaðar að miklum mun.

I.

Áfrýjunarstefna í málinu er óskýr um það, í hverju skyni áfrýjað er. Samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, áður en efni hennar var breytt með lögum nr. 37/1994, skyldi í áfrýjunarstefnu koma fram, „hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga“. Eftir breytingu á lögnum skal greina í áfrýjunarstefnu „nákvæmlega, í hverju skyni það sé gert“, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1994. Ljóst er, að ríkar kröfur eru gerðar til ákærvalds um skýrleika í áfrýjunarstefnu, enda varðar hann miklu með tilliti til málsmeðferðar í Hæstarétti. Ef á brestur í þessu efni í áfrýjunaryfirlýsingu dómþola, ber ákærvaldinu að ganga úr skugga um vilja hans, svo að enginn vafi leiki á. Eins og hér háttar til, verður að meta áfrýjun málsins með hliðsjón af kröfugerð ákærða og málflutningi verjanda hans hér fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins í héraði jók ákærvaldið við ákæru samkvæmt bókun í þingbók „þeirri dómkröfu, að ákærða verði gerð

refsing skv. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“. Þessi tilvísun felur ekki í sér sjálfstæða kröfugerð umfram heimfærslu til refsíákvæðis í ákæru, en dómstólar eiga sjálfkrafa mat um skilyrði ákvæðisins við refsíákvörðun.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Ákærði kom aðvífandi, þar sem árásarþoli átti í orðaskaki við nokkra menn, og verða ekki séð þau tengsl milli árásarinnar og framkomu árásarþola gagnvart ákærða eða öðrum, er gátu réttlætt atlögu ákærða. Hún var hrottafengin og háskaleg vegna þeirrar glerkönnu, er ákærði sló með, og hlutust af henni stórfelld líkamslemstur. Brot ákærða er því réttlæga fært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu og þeim sjónarmiðum, sem taka ber tillit til við ákvörðun refsingar og lýst er í héraðsdómi, þykir rétt að þyngja refsingu ákærða frá því, sem þar er ákveðið, sbr. 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Er þá ekki litið til 218. gr. a. almennra hegningarlaga vegna fyrra brots ákærða gegn 217. gr. laganna, sem var smávægilegt.

Með tilliti til ungs aldurs ákærða og aðstæðna hans að öðru leyti þykir mega fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og láta hana falla niður að liðnum þremur árum, ef ákærði heldur almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

III.

Tjónþoli hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða. Hennar var ekki getið í ákæru samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991, en með samþykki verjanda ákærða heimilaði héraðsdómari framlagningu hennar skömmu fyrir aðalmeðferð, sbr. 171. gr. laganna.

Í bréfi lögmanns tjónþola til héraðsdómara 20. janúar 1994, þar sem bótakrafan er sett fram, er vísað til örorkumats Sigurðar Thorlacius læknis, er mat varanlega örorku tjónþola vegna blindu á vinstra auga 25%. Lögmaðurinn segir í bréfi sínu: „Afleiðing þessa er sú, að Egill missir réttinn til þess að stunda starf sitt sem stýrimaður í framtíðinni vegna ákvæða reglugerðar um sjón yfirmanna skipa. Tímans vegna verður hins vegar að notast við læknisfræðilega

örorku, en ljóst er, að fjárhagsörorka Egils er miklu meiri, og kann því að koma til þess, að í einkamáli verði hann að sækja mismun á læknisfræðilegri örorku og fjárhagslegri örorku í samræmi við ný skaðabótalög.“

Í örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar trygginga-stærðfræðings 17. janúar 1994, sem bótakrafan er reist á, er gerð grein fyrir því, hvernig ætlað örorkutjón tjónþola er reiknað út á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar kemur meðal annars fram, að mat fjárhagslegrar örorku liggi ekki fyrir, en til bráðabirgða sé gengið út frá því, að hún sé hin sama og læknisfræðileg örorka.

Verjandi ákærða krefst frávísunar bótakröfu með þeim rökum, að tjón hafi ekki verið kannað til hlítar, þegar örorkumat fór fram, og líkur séu til þess, að fjárhagsleg örorka tjónþola verði metin mun minni en læknisfræðileg örorka.

Samkvæmt framansögðu er ágreiningur í málinu um grundvöll og útreikning örorkutjóns. Viðurkennt er, að ákveðnir óvissuþættir hafi áhrif á niðurstöðu útreiknings, en um þá hefur ekki verið fjall- að að gagni í málinu. Þykja forsendur bótakröfunnar ekki nægjan- lega ljósar til þess, að dómur verði lagður á hana í þessu refsímáli. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

IV.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Þór Bárðarson, skal sæta fangelsi í níu mán- uði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Egils Örlygssonar er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1994.

I.

Ár 1994, mánudaginn 28. febrúar, er á dómþingi í héraðsdómi Reykjaness, sem haldið er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-246/93: Ákærvaldið gegn Ágústi Þór Bárðarsyni, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 8. febrúar 1993.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 16. október 1993, á hendur Ágústi Þór Bárðarsyni, Sléttahrauni 19, Hafnarfirði, fæddum 6. júní 1974, fæðingarnúmer 337, „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um kl. 3.00 aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1993 í Gunnarssundi í Hafnarfirði rekið ölkrús úr þykku gleri, sem vó rúm 840 grömm, í andlit Egils Örlygssonar, kt. 200965-5159, þar sem ölkrúsin brotnaði. Afleiðingar þessa urðu þær, að Egill hlaut 9 skurði í andliti og 3 minni skrámur. Einn skurðurinn var sýnu stærstur og dýpstur og náði frá enni yfir vinstri augnabrun á ská yfir efra augnalok og niður á kinnbein. Þessi skurður var djúpur og náði gegnum vinstra augnalok og inn í vinstra auga, sem var sundur skorið. Kvarnast hafði úr andlitsbeini við augnatóft. Egill gekkst undir aðgerð, þar sem skurðurinn á andliti og augnaloki og skurðurinn á vinstra auga voru saumaðir. Sjón á vinstra auga er mjög léleg og yfirgnæfandi líkur á því, að Egill verði fyrir verulegri sjónskerðingu og þurfi að gangast undir frekari skurðaðgerðir á auganu og lækni meðferð geti staðið með hléum mánuðum saman.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Á síðari stigum jók ríkissaksóknari við ákæru skv. heimild í 1. mgr. 118. gr. laga nr. 19/1991 kröfu um bætur til handa tjónþola, Agli Örlygssyni, sbr. 2. tl. 116. gr. og 171. gr sömu laga, að fjárhæð 3.786.330,00 kr., með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 31. júlí 1993 til greiðsludags auk innheimtupóknunar lögmanns, að fjárhæð 151.000,00 kr., og virðisaukaskatts svo og við aðalmeðferð að fram lögðu endurríti úr sakadómsbók Hafnarfjarðar frá 15. 10. 1981 (sic) kröfu um, að ákærða verði gerð refsing samkvæmt 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að honum verði einvörðungu gerð vægasta refsing, sem lög frekast heimila, og refsing verði skilorðsbundin. Skaðabótakröfur verði lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu

leyti, enn fremur, að skipuðum verjanda ákærða, Jóni Oddssyni hrl., verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati réttarins auk þóknunar vegna réttargæslu að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988.

II.

Ákærði hefur játað verknað þann, sem honum er gefinn að sök, fyrst fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 1. ágúst 1993, daginn eftir að atburðurinn varð, og síðan fyrir dómi við þingfestingu málsins 26. nóvember 1993 og við aðalmeðferð 8. febrúar 1994.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, er atburðurinn varð, en taldi sig þó muna atvik glögg, er hann kom fyrir dóm. „Vel í því, en fullkomlega meðvitaður um stað og stund,“ var bókað hjá RLR.

Vitni að umræddum atburði voru:

- A. Tveir núverandi nemendur í Flensborgarskóla, þeir Stefán Freyr Guðmundsson, kt. 141277-4809, og Guðmundur Marinó Ingvarsson, kt. 200277-2959. Þeir voru áhorfendur fyrir tilviljun og voru báðir ódruknir. Vitnið Guðmundur fullyrti, að hann hefði séð ákærða greiða höggið. Vitnið Stefán Freyr var ekki viss um, að hann hefði beinlínis séð ákærða greiða höggið, en kvaðst hafa verið þarna að fylgjast með, þegar atburðurinn var.
- B. Þrír félagar, Guðbjartur Magnússon, kt. 250377-3209, Adolf Jónsson, kt. 060375-4019, og Helgi Þórðarson, kt. 071077-5359, allir núverandi nemendur í Flensborg. Allir kváðust þeir hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis, Adolf töluvert ölvaður. Allir kváðust þeir hafa séð, er ákærði sló tjónþola í höfuðið með bjórkönnu.
- C. Félagi ákærða, Theódór Heiðar Þorleifsson, kt. 060475-5049, skipverji á Aðalvík, KE-95, kvaðst hafa séð ákærða greiða tjónþola höggið.
- D. Gísli Páll Friðriksson, kt. 130975-4379, mætti tjónþola, Agli Örlygssyni, er hann skjögraði niður Gunnarssund, eftir að hann hafði orðið fyrir árásinni, og kom honum til hjálpar með því að stöðva leigubíl og fá bílstjórann til að kalla á sjúkrabíl og lögreglu.

III.

Gott samræmi er í lýsingum vitna og aðila á málsatvikum. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, voru þau sem hér segir:

Tjónþoli, Egill Örlygsson, 27 ára Hafnfirðingur, var afleysingarstýrimaður á togaranum Má, SÁ-123 (sic), frá Ólafsvík, er lá í Hafnarfjarðarhöfn. Hann var ráðinn sem háseti, en leysti af eftir þörfum bæði bátsmann og stýrimann. Fyrr um kvöldið var hann að skemmta sér á veitingastaðnum Ömmu Lú í Borgarkringlunni og var töluvert undir áhrifum áfengis. Hann var einn á ferð á leið í samkvæmi í húsi við Vitastíg í Hafnarfirði, en þegar

hann kom í miðbæ Hafnarfjarðar, en Vitastígur er þriðja gata ofan við aðalgötuna, Strandgötu, um 5 mínútna gangur, kveðst hann hafa ákveðið að koma við á Nilla-bar, sem er á efstu hæð í Veitingahúsinu Firðinum, Strandgötu 30. Hann byrjar á að fara þar á salerni, lenti í einhverjum stimpingum, þó ekki við aðila eða vitni í máli þessu, og var vísað út.

Frá Firðinum gekk hann suður Strandgötu og mætti þar vitnunum Adolf, Guðbjarti og Helga. Adolf hafði fundið eða rifið upp plöntu, blóm eða trjáplöntu, sem hann var með í hendinni, og rétti plöntuna að tjónþola, er þeir mættust á gangstéttinni við útibú Landsbankans, sem er skáhallt handan við götuna, þegar farið er frá Firðinum. Lét tjónþoli vanþóknun sína í ljós á því að skemma gróður bæjarins, og urðu þarna einhverjar óverulegar stimpingar. Félagarnir þrír telja, að tjónþoli hafi snúið upp á höndina á Adolf og rekið jafnframt hné í hægri læri á honum.

Ekki varð meira úr að sinni, og þeir félagarnir þrír héldu áfram leið sína vestur Strandgötu og beygðu til hægri upp Gunnarssund, sem er stutt þvergata gegnt Firðinum frá Strandgötu í átt að Hverfisgötu og Vitastíg.

Ef tjónþoli ætlaði í samkvæmi í húsi við Vitastíg, var stysta leið frá Firðinum að ganga upp Gunnarssund. Hann sýnist því hafa áttáð sig á því, að hann væri að leggja lykkju á leið sína með því að ganga suður Strandgötu, og beindi því för sinni til rétttrar stefnu, þó ekki til baka eftir Strandgötu, heldur bak við hús Landsbankans, sýslumannsembættisins og Bókabúðar Olivers Steins, en hús þessara stofnana eru sambyggð og hringakstur að og frá Strandgötu um bílaplan bak við húsið og niður Gunnarssund.

Er tjónþoli kom um bílaplanið í Gunnarssund, lágu leiðir hans og þremmenninganna saman að nýju. Urðu nú orðaskipti, að því er virðist, nokkuð ófriðleg. Einn þremmenninganna, Adolf, reif eða braut upp tvö járnör, hálf-tommu vatnsleiðslupípur um 50 cm að lengd, er steypar höfðu verið í lágan skilvegg við lítið bílastæði á bakhlið Sjálfstæðishússins að Gunnarssundi, en Sjálfstæðishúsið er á hornlóð við Strandgötu og Gunnarssund.

Er hér var komið sögu og þremmenningarnir stóðu andspænis tjónþola, allir fremur smávaxnir, en einn þeirra vopnaður, en tjónþoli fulltíða sjómaður í góðu meðallagi á vöxt, allir drukknir, tjónþoli þó mest, þá komu ákærði og samferðamaður hans, Theódór, út af Firðinum og gengu upp Gunnarssund. Adolf rétti Theódór annað járnörrið. Ekki hafði þó komið til neinna átaka, er ákærði gekk skyndilega fram fyrir skjöldu og sló tjónþola í andlit með bjórkönnu, 840,8 grömm að þyngd, glerkönnu af algengri gerð, með haldi. Höggið sýnist hafa verið býsna ákveðið, því að glerkannan brotnaði á andliti tjónþola og höfuðbein ofan vinstri augnatóftar brákaðist. Af hinni brotnandi glerkönnu hlaut tjónþoli mikla skurði í andlit, m. a. gegnum

vinstra augnalok og inn í vinstra auga. Ákærði hlaut allmikinn skurð í aflvöðva ofan við þumalfingur hægri handar. Rakti lögregla eftir hann blóðslóðina alllangan veg morguninn eftir. Síðar um nóttina fór ákærði á slysavarðstofu og var frá vinnu hálfan mánuð, meðan handarsárið var að gróa.

Ekkert sinni ákærði hinum slasaða, eftir að hann hafði veitt honum áverkann, heldur forðaði sér af vettvangi ásamt félögunum þremur. Komust þeir fjórir í „party“ í húsi við Lækjargötu. Þaðan fór ákærði á slysavarðstofu. Theódór, sem var mikið drukkinn, ranglaði í aðra átt og gisti fanga-geymsluna síðar þessa nótt, grunaður um ölvunarakstur.

Af tjónþola er það að segja, að hann skjögðaði niður Gunnarssund í átt að Strandgötu og Firðinum, mætti vitninu Gísla Páli Friðrikssyni, sem kom honum til hjálpar og studdi hann að dyrum Fjarðarins, þar sem tjónþoli settist niður með litla meðvitund. Dyr veitingastaðarins voru þá lokaðar, en vitninu Gísla Páli tókst, sem fyrr er greint, fljótlega að stöðva leigubíl, er kallaði á lögreglu og sjúkrabíl.

Ákærði og tjónþoli voru ekkert kunnugir fyrir þennan atburð. Ákærði hefur ekki haldið því fram, að þeir hafi hist eða að þeim hafi farið neitt á milli, er tjónþoli kom inn á Fjörðinn skömmu fyrir atburðinn.

Er RLR tók frumskýrslur bæði af ákærða og vitninu Theódór 1. ágúst 1993, komu fram hjá þeim báðum ógreinilegar sögusagnir um, að kunningi Theódórs, Ægir Örn Sigurjónsson, kt. 210370-5609, hefði sagt Theódór um kvöldið á Firðinum, að tjónþoli hefði „skallað“ sig á salerninu, án þess þó að hann hlyti af því meiðsli.

Í upplýsingaskýrslu RLR um símtal við Ægi Örn er eftir honum haft, að hann hafi á salerninu í Firðinum þetta kvöld lent í orðaskiptum við mann, er hann ekki þekki, en lýsti mjög í samræmi við tjónþola.

Er aðalmeðferð fór fram, reyndist Ægir Örn erlendis og kom ekki fyrir dóm.

Er ákærði var yfirheyrður við aðalmeðferð, hélt hann því ekki fram, að umræddar ætlaðar stimpingar tjónþola og Ægis hefðu orðið sér tilefni árásarinnar.

Ákærði lýsti tjónsatburðinum svo hjá RLR 1. ágúst 1993:

„Mætti segir, að andspænis manninum hafi verið þrír til fimm strákar, sem mætti þekkir ekki með nafni. Hann kveðst hins vegar hafa séð þá áður. Þeir eru allir úr Hafnarfirði. Hann segir, að þeir séu nokkrum árum yngri en hann. Mætti telur, að maðurinn hafi verið að deila um eitthvað við strákana.

Mætti segir, að Teddi hafi gengið á undan honum að hópnum, sem var nánast í vegi þeirra. Hann fór að blanda sér inn í deilurnar við manninn.

Mætti kveðst þá einnig hafa stoppað við hópinn og farið að rífast við manninn. Mætti kveðst ekki muna, um hvað deilurnar stóðu, segir aðspurður, að þetta hafi verið fyllirísrugl. Hann kveðst síðan skyndilega hafa misst stjórn á sér, skvett bjór úr ölkrús, sem hann hélt á, og rekið hana í andlit manninn. Ölkrúsina kveðst mætti hafa tekið með sér út af Nilla-bar.

Mætti segir, að þegar krúsin lenti í andlitinu á manninum, hafi maðurinn gripið fyrir andlit sér og öskrað, en gengið síðan á brott niður götuna, haldi andi fyrir andlit sér. Mætti kveðst hins vegar hafa forðað sér í burtu ásamt strákunum. Teddi varð hins vegar eftir, hvað varð um hann, veit mætti ekki.

Aðspurður telur mætti, að krúsin, sem var úr gleri, hafi hafnað á vinstri vanga mannsins eða gagnauga. Við það brotnaði krúsin, og mætti skarst á hægri hendi fyrir ofan þumalfingur, svo að mikið blæddi.“

Fyrir dómi var lýsing tjónþola, Egils Örlygssonar, á atburðinum þessi:

„Eftir að ég kem út úr húsinu, þá er ég á gangi á Strandgötunni, og þá komu einhverjir strákar, um 15–16 ára, og fara að ota framan í mig tré, sem þeir höfðu rífið upp.... Það hefur verið svona, ætli það hafi ekki verið um metri með rótum. Þeir fara að ota að mér trénu, og ég fer eitthvað að skamma þá fyrir að rífa niður tréð. Þeir hlusta ekki á mig, og það endar með því, að ég tek einn þeirra og sný upp á höndina á honum og sparka í rassinn á honum.

Síðan labba ég áfram og fer hringinn í kringum húsið, þar sem Landsbankinn er til húsa, og ætla síðan að labba upp Gunnarssund og upp á Vita-stíg, þar sem ég ætla að koma við. Þá koma þessir strákar upp Gunnarssund með járnkylfur, og það næsta, sem skeður, er, að það kemur einhver annar eldri strákur, sem ég hafði aldrei séð áður, og ræðst framan að mér, og síðan það næsta, sem ég man, að ég er sleginn í höfuðið. Svona í stuttu máli.“

V.

Tjónþoli var fluttur í sjúkrabifreið slökkviliðsins á slysadeild Borgarspítalans og kom þangað kl. 3.42. Í vottorði slysadeildar segir:

„Við skoðun kemur í ljós sár á enni og á vinstra augnaloki. Skurður er frá augabrún gegnum efra og neðra augnalok rétt lateralt við augnkrók vinstra megin. Á hornhimnu vinstra auga eru fellingar, sem benda til skurðsárs, og á efri hluta augnhvítu er skurður gegnum hvítu. Sér ljós.

Fengið er álit augnlæknis, og í framhaldi af því er Egill lagður inn á augnadeild Landakots til áframhaldandi meðferðar.

Teknar eru tölvusneiðmyndir af höfði og augnholi Egils. Ekki er á þeirri rannsókn að sjá nein merki um áverka inni í höfði, en að öðru leyti áverka-merki, sem í raun staðfesta niðurstöður skoðunar og benda ákveðið til augnskaða. Einnig sést örlítill brotflaski í ytri augnkrók.“

Í vottorði dr. Einars Stefánssonar, yfirlæknis augndeildar Landakotsspítala, dags. 10. 8. 1993, segir m. a.:

„Við komu á augndeild Landakotsspítala mátti telja 9 skurði í andliti og 3 minni skrámur. Þetta voru skurðir eins og eftir eggjárn eða gler. Einn skurðurinn var sýnu stærstur og dýpstur, náði frá enni yfir vinstri augabrún, á ská yfir efra augnalok og niður á kinnbein. Þessi skurður var djúpur, gegnum augnalokið og inn í vinstra auga. Vinstra auga var sundur skorið, og var skurðurinn stór, rúmlega 1 cm, og talsvert óreglulegur.

Egill fékk sýklalyf, og síðan var gerð aðgerð í svæfingu, þar sem skurðurinn á andliti og augnaloki var saumaður og skurðurinn á vinstra auga saumaður sömuleiðis. Skurðurinn reyndist ná frá hornhimnu og rúman cm aftur eftir sclera (hvítunni), og lágu vefir augans út um gatið. Veruleg blæðing var í auganu og umhverfis.

Egill dvaldist á Landakotsspítala til 9. 8. 1993 og fékk sýklalyf í æð fyrstu dagana. Hann hafði talsverða verki og var óstyrkur til að byrja með, en hresstist, er á leið. Röntgenmynd sýndi, að kvarnast hafði úr andlitsbeini við augnatóft, en ekki var að finna nein merki um áverka á heila. Saumar úr andlitssárum hafa verið teknir, og gróa þau vel, en verða vafalaust nokkurt lýti til frambúðar.

Sjón á vinstra auga er mjög léleg, og greinir hann aðeins sterkt ljós á vinstra auga. Horfur um sjón eru óvissar, og eru yfirgnæfandi líkur á því, að Egill verði fyrir verulegri sjónskerðingu.

Hins vegar vænti ég þess, að hann haldi auganu sem slíku. Líklegt er, að frekari skurðaðgerðir verði nauðsynlegar á auganu og að lækni meðferð geti staðið með hléum mánuðum saman. Hægra auga er eðlilegt, og hefur Egill góða sjón á því.“

— — —

VII.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hlaut ákærði 12. apríl 1991 í saka-dómi Kjósarsýslu sekt, að fjárhæð 13.000,00 kr., fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981. Í því máli viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt laugardags 20. október 1990 sparkað í andlit nafngreindrar stúlku, fæddrar 8. 9. 1973, á planinu við BSH við Reykjavíkurveg, eftir að hafa, að því er ráðið verður af lögregluskýrslu, komið af stað slagsmálum nokkurra unglinga og orðið undir.

— — —

Álit réttarins.

Með skýlausri játningu ákærða, sem studd er framburði sjónarvotta, svo sem áður er lýst, telst sannað, að ákærði hafi framið verknað þann, sem honum er gefinn að sök, og telst brotið réttilega heimfært til refsíákvæða.

Um tilefnislausu, vísvitandi líkamsárás var að ræða, sérstaklega hættulega vegna þess tækis, sem notað var, enda hlaust af árásinni stórfellt líkamstjón.

Það orkar til þyngingar refsingu, að ákærði hvarf hið skjótasta af vettvangi í stað þess að koma tjónþola til hjálpar og kalla á sjúkrabíl, en hann gat strax gert sér grein fyrir því, hvað vopnið hafði reynst hættulegt, þar sem hann sjálfur skarst á hendi við brot glerkönnunnar. Ákærði gaf sig ekki fram við lögreglu. Á hinn bóginn játaði hann undanbragðalaust þegar við fyrstu yfirheyrslu lögreglu og hefur ekki horfið frá þeirri játningu sinni og á engan hátt torvelað rannsókn eða meðferð máls þessa. Ákærði hefur áður sætt refsingu fyrir líkamsárás, en á það er að líta, að þar var um að ræða minni háttar brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, og ekki er annað vitað en hegðun ákærða hafi verið sæmileg, frá því að hann framdi verknað þann, er mál þetta snýst um. Ákærði var 19 ára að aldri, er hann framdi brot það, er ákæra í máli þessu lýtur að.

Refsing ákærða ákveðst 6 mánaða fangelsi óskilorðsbundið.

Bótakrafa tjónþola, árásarandlagsins Egils Örlygssonar, er studd nægilegum gögnum, sem ekki hefur verið hnekkt. Verður hún því tekin til greina að öllu leyti, og sundurliðast tildæmdar bótafjárhæðir þannig:

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 60.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Þór Bárðarson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði tjónþola, Agli Örlygssyni, tjónbætur, að fjárhæð 3.974.325,00 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 3.743.390,00 kr. frá 31. júlí 1993 til 28. febrúar 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Áfallna vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, að fjárhæð 35.000,00 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 60.000,00 krónur.